

Mál nr. 95/2015
M og
V v. réttaraðstoðartryggingar

**Krafa um bætur úr réttaraðstoðartryggingu vegna ágreinings um skattlagningu
bifreiðahlunninda þ. 12.12.2013**

Gögn.

1. Málskot móttakið þ. 13.3.2015 ásamt fylgiskjölum 1-4
2. Bréf V dags. 24.3.2015 (ranglega skráð 2014)

Málsatvik.

Með úrskurði ríkisskattstjóra 12.desember 2012 var hækkaður útsvarsstofn M vegna meintrar hlunnindanotkunar M á bifreið í eigu vinnuveitanda hans. M krefst bóta úr réttaraðstoðartryggingu sinni hjá V og segir að túlka beri ákvæði 50. gr. váttryggingaskilmála aðila þröngt og það eigi ekki við sökum þess að grundvöllur málatilbúnaðar M fyrir dómi sé vegna ágreinings M við íslenska ríkið vegna skattlagningar. V hafnar bótaskyldu og telur ágreininginn í málinu vera í tengslum við atvinnu og/eða embættisrekstur M auk þess sem málið varði hann sem eiganda og notanda eða stjórnanda vélknúins ökutækis og málið sé því ekki bótaskyldt sbr. ákvæði 50. gr. váttryggingaskilmála.

Álit.

Í tl. b í 50. gr. váttryggingaskilmála réttaraðstoðartryggingar M hjá V segir að tryggingin taki ekki til ágreinings sem sé í tengslum við atvinnu- eða embættisrekstur váttryggðs. Þó ágreiningur í máli M gegn íslenska ríkinu varði skattlagningu þá verður ekki framhjá því komist að það er vegna atvinnu og embættisreksturs M þar sem ágreiningur snýst um hvort M hafi notað bifreið vinnuveitanda síns bæði í vinnu og persónulega þannig að honum hafi borið að greiða skatt af slíkum hlunnindum. M á því ekki rétt á bótum úr réttaraðstoðartryggingu sinni hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr réttaraðstoðartryggingu sinni hjá V.

Reykjavík 21.4.2015.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.